

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Málfríðar Guðlaugar Ingibergsdóttur“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 24. nóvbr. 1934. Skipulagsskráin er þannig: 120
24. nóv.

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Málfríðar Guðlaugar Ingibergsdóttur frá Fögruvöllum
í Vestmannaeyjum.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Málfríðar Guðlaugar Ingibergsdóttur.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af „Kristilegu félagi ungra manna“ og „Kristilegu félagi ungra kvenna“ í Vestmannaeyjum, með kr. 1200,00 — eitt þúsund og tvö hundruð krónum — er vinir Málfríðar sál. Guðlaugar Ingibergsdóttur gáfu til minningar um hana.

3. gr.

Sjóðurinn er undir stjórn og umsjón formanns K. F. U. M., Vestmannaeyjum, forstöðukonu K. F. U. K., Vestmannaeyjum, og Guðlaugs Hanssonar, heilbrigðisfulltrúa, Fögruvöllum, Vestmannaeyjum, en að honum látnum kýs K. F. U. M. og K. í Vestmannaeyjum á sameiginlegum fundi þriðja mannsins í stjórn sjóðsins, til 5 ára í senn. Falli annaðhvort félagið niður kýs það, sem eftir er, tvo menn í stjórn til 5 ára.

Hætti bæði félögin starfi fellur sjóðurinn til evangelíska lúterska safnaðarins í Vestmannaeyjum, og skipa þá stjórn sjóðsins prestur safnaðarins og tveir menn aðrir kosnir af söfnuðinum til 5 ára.

4. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja unglínga til náms í skólum, sem leggja áherzlu á kristilega mótun nemendanna. Ennfremur styrkja unglínga til að læra á hljóðfæri. Félagar K. F. U. M. og K. í Vestmannaeyjum sitja fyrir styrkveitingu.

5. gr.

Eigi má veita úr sjóðnum fyrr en hann er orðinn kr. 1500.00. Eftir það má verja $\frac{2}{3}$ hlutum vaxtanna samkv. 4. gr. Sé enginn styrkur veittur úr sjóðnum eitt ár, má næsta ár veita $\frac{2}{3}$ tveggja ára vaxta. $\frac{1}{3}$ hluta vaxtanna skal jafnan leggja við höfuðstólinn.

6. gr.

Höfuðstólinn ber jafnan að ávaxta á þann hátt, er stjórn hans telur fullkomlega tryggan. Aldrei má kaupa hlutabréf fyrir fé sjóðsins. Verðbréf sjóðs-

120 ins skulu ávallt hljóða á nafn hans. Sjóðsstjórninni ber að gera reikning árlega,
24. nóv. sem K. F. U. M. og K. í Vestmannaeyjum lætur endurskoða og úrskurðar.

7. gr.

Leita skal staðfestingar konungs á skipulagsskrá þessari.

Vestmannaeyjum, 24. október 1934.

Sigurjón Þ. Arnason, formaður K. F. U. M. Vestmannaeyjum.

Guðlaugur Hansson.

Þorgerður Jónsdóttir, forstöðukona K. F. U. K. Vestmannaeyjum.

121

27. nóv.

S A M Þ Y K K T

um lokunartíma sölubúða og takmörkun á vinnutíma sendisveina í Reykjavík.

1. gr.

Sölubúðum í Reykjavík skal lokað eftir því, sem ákveðið er í 2., 3. og 4. gr. samþykktar þessarar.

2. gr.

Alla virka daga ársins skal sölubúðum lokað eigi síðar en kl. 7 síðdegis og þær eigi opnar aftur fyr en kl. 8 árdegis næsta virkan dag. Þó skulu vera þær undantekningar frá þessu, er nú skal greina:

Aðfangadag jóla og gamlárskvöld skal sölubúðum lokað eigi síðar en kl. 4 síðdegis, og laugardagana fyrir páska og fyrir hvítasunnu eigi síðar en kl. 6 síðd.

Síðasta virkan dag fyrir aðfangadag jóla skal heimilt að halda sölubúðum opnum til miðnættis. Næsta laugardag á undan þessum degi skal heimilt að halda sölubúðum opnum til kl. 10 síðdegis. Ennfremur skal heimilt að halda sölubúðum opnum til kl. 10 síðdegis einn virkan dag til viðbótar í vikunni næstu fyrir jólin eftir ákvörðun lögreglustjóra.

Á tímabilinu frá 1. júní til 31. ágúst skal á laugardögum loka sölubúðum eigi síðar en kl. 4 síðdegis.

Ef skortur er á eldsneyti eða ljósmeti í bænum, eða útlit fyrir, að skortur geti orðið á því, er bæjarstjórninni heimilt að ákveða, að sölubúðum skuli um lengri eða skemmri tíma lokað fyr en kl. 7 síðdegis og opnaðar síðar en kl. 8 árdegis á virkum dögum.

3. gr.

Almenna helgidaga, sumardaginn fyrsta og fyrsta mánudag í ágústmánuði mega engar sölubúðir vera opnar.

Hinn 1. maí, 17. júní og 1. desember skulu allar sölubúðir lokaðar kl. 12 á hádegi, ef þessa daga ber upp á virkan dag.